



Námsgrein: Myndmennt 8. bekkur

Vikustundir:

Kennari: Anna Svava Sólmundardóttir

Samstarfsfólk:

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 		Möppugerð. Efnistöð frjáls.	<p>Við mat á verkefnum verður tekið mið af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá og skólanámskrá.</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgir fyrirætlum Umgengi Hegðun Sjálfstæð vinnubrögð
1 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> þekki hlutföll mannlíkamans geri sér grein fyrir heildarbyggingu mannlíkamans og geti gert samanburð á hlutföllum og stærðum eftir mælingum 	Innlögn um hlutföll mannlíkamans, listamenn hafa alltaf stúderað mannlíkamann. DaVinci.	Hlutföll mannlíkamans. Nemendur teikna manneskju í réttum hlutföllum. Þeir fá blað sem brotið er í 8 hluta.	
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> geri óhefðbundnar og einfaldar myndir af mannlíkamanum Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 		Manneskja í fullri stærð. Nemendur vinna í pörum og hjálpast að við að teikna hvort annað á stórar arkir af. Nemendur eiga að velja sér lifandi stellingu. Nemendur útfæra sína mynd á sinn hátt, breyta og laga að eigin hugmyndum. Síðan mála nemendur myndirnar t.d. í skærum litum.	
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfpunkta, mismunandi sjónarhorna o.s.frv. 	Rætt er um hugtökin fjarvídd, samhliða línur, sjónhæðarlínu, hvarfpunkta o.fl. Reynt að finna dæmi um þetta í stofunni og í umhverfinu.	Fjarvídd. Nemendum sýnd mynddæmi og efni þar sem fjarvídd kemur vel fram og línur framlengdar þangað til þær mætast í hvarfapunktum. Húsagata.	

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Vinni mynd af manneskjum í ákveðnu rými Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði 	Nemendum sýnd mynddæmi af landslagi og rifjað upp það sem þeir kunna í sambandi við fjarvidd og dýpt, s.s. sjónhæðarlínu, hvarfpunkt, forgrunn, miðrými, bakgrunn, rýmissköpun með stærðarhlutföllum, skörun, litum o.fl.	Manneskja í rými – klippimynd. Nemendur skoða tímarit og velja sér myndi af manneskjum og hlutum og klippa út. Þeir ákveða síðan hvar og í hvers konar umhverfi manneskjurnar eiga að vera. Umhverfið teikna þeir á stórt blað. Á umhverfismyndinni á koma fram sjónhæðarlína og hvarfpunktur. Úrklippunum er síðan raðað á umhverfismyndina þannig að staðsetning, stærðarhlutföll og skaranir mynda trúverðuga heild og rýmistilfinningu. Áður en úrklippurnar eru límdar á umhverfisteikninguna er hún lituð og/eða máluð og þá þarf að hafa í huga áhrif lita á rýmissköpun	
1 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði 	Umræður um hrekkjavöku og súrealisma	Kynjaverur. Nemendur skapa kynjaveru í takt við súrealisma og hrekkjavöku.	
3 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi vegu þekki og geti fjallað um popplista og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda þekki og geti fjallað um mynddæmi sem sýni hvernig popplista menn taka til meðferðar myndmál neyslubjóðfélags og fjölmiðlunar, t.d. myndasögur, auglýsingar, kvikmyndir, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt 	Rætt um popplista og einkenni hennar. Andy Warhol og fleiri listamenn kynntir.	Popplista. Nemendur teikna sjálfsmýnd sem er ljósrituð í nokkrum eintökum. Þær eru svo litaðar í mörgum mismunandi litum og límdar á svart karton. Nemendur vinna aðra mynd tengt neysluvörum að eigin vali.	



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> • Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. • Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. • Mótun þrívíddarverks • Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð líta- og formfræði. • Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu, rannsóknnum og reynslu. 	Umræður um leir, meðhöndlun og mótun	Leir – manneskja í réttum hlutföllum. Manneskjan er síðan máluð.	
2 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> • Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. • Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. • Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð líta- og formfræði. • Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu, rannsóknnum og reynslu. 		Málverk að eigin vali. Nemendur velja sér viðfangsefni, gera skissur, útfæra myndina og mála með litum að eigin vali.	

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.